

|                                                                                   |               |                       |
|-----------------------------------------------------------------------------------|---------------|-----------------------|
|  | Öryggisstefna |                       |
|                                                                                   |               | Uppfært<br>03.09.2024 |

Hjá Bergraf er stefnt að því að starfsemin sé slysalaus og saman leggjum við okkur fram um að koma í veg fyrir slys, dauðsföll og veikindi. Bergraf er meðvitað um að tryggja heilbrigt og öruggt starfsumhverfi og verja starfsmenn sína, tæki og verðmæti fyrir slysum og tjóni. Starfsemi og rekstur fyrirtækisins fylgir öllum gildandi lögum og reglugerðum sem eiga við hverju sinni.

Hjá Bergraf er lögð áhersla á öruggt og heilnæmt vinnuumhverfi starfsmanna, bæði fyrir andlega og líkamlega heilsu.

- Bergraf eflir öryggisvitund starfsfólks og verktaka með reglulegri upplýsingagjöf, þjálfun og fræðslu.
- Við berum öll ábyrgð á eigin öryggi, skiljum þær öryggis-, heilbrigðis- og vinnuumhverfisáhættur sem fylgja starfsemi okkar og ábyrgð stjórnenda er skýr.
- Bergraf leggur áherslu á virkan þátt starfsmanna í öryggismálum og styður við öryggismiðaða menningu.